

Reykjavík, 20. febrúar 2011.

Bréf til Jóns Sigurðssonar

Kæri Jón

Ég heiti Snorri Másson og er barnabarnabarnabarnabarn Jóns Thoroddsens ljóðskálds. Þú ættir nú að þekkja hann því þið voruð samtíða í Kaupmannahöfn á fimmta áratugnum og þú skrifaðir æviágrip hans eftir að hann lést árið 1868. Ég er frá framtíðinni og skrifa þér þetta bréf til að segja þér frá því hvernig nútíminn er frábrugðinn þínum tímum. Nú eru 200 ár síðan þú fæddist og 132 ár síðan þú lést. Til að byrja með vil ég segja þér að Ísland hefur nú fengið fullt sjálfstæði þökk sé þér, meðal annarra. Við höldum meira að segja upp á þjóðhátíðardag á 17. júní, afmælisdaginn þinn. Frá því að þú lést hafa kvenréttindi orðið miklu meiri og útbreiddari. Til eru þúsundir kvenréttindasamtaka um allan heim í dag. Nú eru konur næstum því alveg jafnar körlum í t.d. stjórnámálum, menntakerfinu og svo framvegis.

Ég bý í steinhúsi sem er gult á litinn og það rennur heitt og kalt vatn úr úr krönum í því. Húsið er í Reykjavík sem er höfuðborg Íslands núna. Þar situr ríkisstjórnin og líka Alþingi eins og þú vildir. Á Þingvöllum er bara þjóðgarður og hægt er að fara í göngutúr. Núna búa um 320.000 manns á Íslandi og um 5.5 milljónir manna í Danmörku, mörgum sinnum fleiri en þegar þú lifðir.

Nú til dags er lítið um handskrifuð bréf. Flest skilaboð sem við sendum fara í gegnum Netið eða síma. Á þínum dögum var til talsamband um leiðslur á milli staða sem stutt var á milli. Síminn er mjög líkur því nema núna er hann um snúrur sem liggja um allan heim en líka þráðlaus í gegnum bylgjur sem eru í andrúmsloftinu. Netið tengist líka símalínum og það getur maður nálgast í vélum sem kallast tölvur, og reyndar með öðrum tækjum líka. Þar eru ótrúlegustu upplýsingar aðgengilegar, til dæmis hagtölur sem þú byrjaðir nú að gefa út fyrstur manna í bókum. Hefði Netið og símar verið til á þínum tíma hefði verið miklu auðveldara fyrir þig að eiga samskipti við Ingibjörgu unnustu þína. Þú hefðir getað talað við hana á hverjum degi og jafnvel horft á hana í mynd á meðan í stað þess að senda henni bréf tvisvar á ári. Fyrst ég minnst á Ingibjörgu langar mig að spyrja þig að einu. Hvers vegna fórstu aldrei heim til Íslands þessi 12 ár til þess að hitta konu þína? Núna eru til tvær kenningar um ástæður fyrir því. Ein er sú að þig hafi ekki langað að hitta hana og giftast henni og hin er að þú hafir ekki þorað því vegna þess að þú kláraðir ekki háskólann. Hvort er nær lagi? Þú fyrirgefur mér nú þessa forvitni!

Ég enda línur þessar með kærri kveðju og vona að Guð láti blessun sína fylgja þér.
Yðar af alhug heiðrandi, Snorri Másson. 8SG